

1873.

4. júlí.

fyrir meiðyrði gegn yður í 10. og 11. og 12. númeri tæðs blaðs, sem út komu 26. apríl og 29. maí þ. á., og jafnframt hafð þér borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort sakargiptir þær, sem yður þannig eru bornar, sé þess eðlis, að yður leyfist ekki að sitja í embætti yðar, þangað til búið sé að dæma í fyrnefndum málum. Með því að háyfirdómarinn í hinum íslenzka landsyfirrétti, Þórður Jónasson, er orðinn viðriðinn eitt málið sökum þess, sem stóð í 12. númeri blaðsins, á þann hátt, að það geti viljað til, að því verði mótmælt, að hann sitji í réttinum þegar það mál verður dæmt, hafð þér, ef svo kynni að fara, að slík mótmæli kæmi fram og háyfirdómarinn viki úr sæti, og þar að auki kynni að álíta sig óhæfan til að setja dómara í sinn stað fyrir hönd landshöfðingjans, samkvæmt erindisbræfi fyrir landshöfðingjann 29. júní f. á., 29. gr., ennfremur stungið uppá, hvort ástæða sé til að skipa fyrir um, hver gegna skuli landshöfðingjaembættinu, ef bæði landshöfðinginn og háyfirdómarinn sé forfallaðir við einstakt tækifæri.

Um leið og vèr getum þess, að dómsmálastjórnin eigi getur fundið neina ástæðu af fyrnefndum sakargiptum við yður, herra landshöfðingi, til þess að bera það upp fyrir hans hátign konunginum, að þér skulið leggja niður embættisverk yðar, þangað til búið sé að dæma í fyrnefndum málum, gefst yður til kynna, að það skal hærmeð ákveðið samkvæmt fyrnefndri grein í erindisbræfi fyrir landshöfðingjann 29. júní f. á., að amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæmi Íslands skipi dómara í landsyfirréttinn, ef til þess kemur, sem getið er um að framan.

5. júlí.

### 56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um læknakennslu og læknaskipun.

Með bræfi, dagsettu 14. nóvbrm. f. á., hafð þér, herra landshöfðingi, sem stiptamtmaður yfir Íslandi sent hingað uppástungu

1873.

5. júlí.

frá landlækninum jústizráði Jóni Hjaltalin, um að auka við læknakennslu þá, sem stofnuð er í Reykjavík. Í uppástungu þessari er þess getið, að þörf sé á læknum á Íslandi, og fer hún fram á, að stofnaður verði reglulegur læknaskóli á borð við prestaskólann í Reykjavík, þar sem læknaefnin skuli ganga 4 ár, og skuli landlæknirinn vera forstöðumaður skólans og hafa sér til aðstoðar tvo fasta kennara, sem að auki sé héraðslæknar í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu; að læknar, sem útskrifist frá þessum skóla með 1. eða 2. vitnisburði, skuli hafa leyfi til að gegna læknisstörfum á Íslandi, en verði að hafa notið kennslu á fæðingarstofnuninni og spítölunum í Kaupmannahöfn um eitt missiri, til þess að geta orðið héraðslæknar, og að jafnað verði niður árlegu gjaldi, sem nákvæmar verði tiltekið, á alla þá, sem hafa grasnyt, til þess að standast kostnaðarauka þann, sem af þessu leiðir; útaf þessu hafið þér farið fram á, að varla sé ástæða til að auka við lækniskennsluna á Íslandi, sem að yðar álitu innan skamms mun hafa lokið ætlunarverki sínu, með því nógu margir læknar munu verða til að fáum árum liðnum, til þess að læknisembætti þau, sem laun eru lögð til af opinberu fè, sé fullskipuð, en af því mun leiða, að það að öllum jafnaði sé svo, að enginn framar sæki tæða læknakennslu; en til þess að ráða bót á þeim læknaskorti, sem nú er, hafið þér stungið uppá, að leitast verði við, að fjölga þeim læknum, sem fá laun af allsherjar fè, og sem nú eru 11, til þess þeir verði alls 20, og að settur verði einn læknir í hverja sýslu, að tveimur hinum stærstu undanteknum, þar sem skyldi vera tveir í hvorri; skyldi allir þessir læknar, að landlækninum undanteknum, hafa sömu kjör, þannig að konungur skipi þá í embætti og að laun þeirra sé í upphafi 500 rd., og 100 rd. viðbót þriðja hvert ár, til þess launin eru orðin 1000 rd. Ennfremur hafið þér stungið uppá því, að veita megi landlækninum 300 til 500 rd. árlega af læknasjóðnum, á meðan hann stendur fyrir fyrnefndri læknakennslu, til þess hann geti tekið sér aðstoðarmann, sem gæti læknisstarfa hans, en hann sjálfur geti varið kröptum sínum til að kenna og stjórna landlæknisembættinu.

1873.

5. júlí.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á útaf þessu við hið konunglega heilbrigðisráð, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þér notið það sem konungsfulltrúi á þingi, ef því máli verður hreyft nú á þingi, að þarsem eigi verður við því búizt, að danskir læknar, svo sem nægi, sæki til Íslands, eða að nógu margir Íslendingar leiti til háskólans í Kaupmannahöfn, til þess að stunda þar læknisfræði, og með því nokkur ár munu ganga til þess, að 20 læknar, sem gjört er ráð fyrir, verði til, og til þess nógu margir sè til vara, ef læknar falla frá, — en hingað til hefir einn á ári að meðaltali tekið próf í læknisfræði í Reykjavík —, verður stjórnarráðið að vera heilbrigðisráðinu samdóma í því, að eigi verði skilmálalaust byggt á því, að lækniskennslan íslenzka að nokkrum árum liðnum verði óþörf. Samt sem áður verða menn að játa, að svo geti að borizt, að eigi þurfi á læknakennslu þessari að halda að nokkrum árum liðnum, og því verður, hvernig svo sem ástatt er, ekki neitað, að það undir sèrstökum kringumstæðum geti orðið ógjörandi, að halda henni við, svo gagn sè að, og stjórnarráðið getur því heldur ekki álitid það ráðlegt, að leitast við að breyta henni nú á þá leið, að stofnaður verði fastur læknaskóli, sem sè sniðinn eptir prestaskólanum. Á hinn bóginn þykir vera ástæða til, að láta kennsluna vera með því sniði, sem nú er, og gjöra það, sem menn geta, til þess kennslan verði svo fullkomin sem unnt er, og stjórnarráðið hefir því í hyggju, jafnframt og það áskilur sèr, að segja síðar meir, eptir því hvernig þá kann að standa á, öðruvísi fyrir um þetta mál, að útvega konungsúrskurð fyrir, að veita megi landlækni jústizráði Jóni Hjaltalín 400 rd. á ári af læknasjóðnum ámeðan hann stendur fyrir tæðri kennslu, til þess hann geti launað aðstoðarmanni, sem takist á hendur læknisstörf hans, svo hann sjálfur geti gefið sig sem mest við kennslunni og sjálfu landlæknisembættinu, og fyrir því, að það verði gjört að skilyrði fyrir, að íslenzk læknaefni eptirleiðis geti orðið héraðslæknar eða sem praktiserandi læknar fengið styrk þann úr læknasjóðnum, sem getið er um í konungsúrskurði 10. maí 1867, og heimild til þess að hafa um hönd lækningar, svo sem þar er fyrir mælt, að þeir skuli, auk þess að hafa notið

1873.

5. júlí.

kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun, samkvæmt konungsúrskurði 21. oktbrm. 1871<sup>2</sup>, sanna, að þeir hafi gengið á einn eða fleiri spítala í Kaupmannahöfn að minnsta kosti um eitt missiri, — en þá fellur það burt sem stungið var uppá, að lengja kennslutímann í Reykjavík um eitt ár —, og að veita megi sérhverjum íslenskum læknisfræðingi, sem samkvæmt þessu leitar til spítalanna í Kaupmannahöfn, styrk, sem nákvæmar verður ákveðinn, til þess að standast kostnað þann, sem af þessu leiðir, og skal greiða styrk þenna úr lækna sjóðnum íslenzka, ef hann eigi verður goldinn með öðru móti. Að því leyti, er snertir lækna skipunina, þykir stjórnarráðinu það réttast, að fjölga læknum þeim, sem getið er um í konungsúrskurði 10. maí 1867<sup>1</sup>, smá saman, eptir því sem þörf er á og efni eru til, til þess þeir verði 13, og verður stjórnarráðið þar að auki að álíta það æskilegt, að lækna skipun á Íslandi, eptir því sem fram líða stundir, komist í lag á þann hátt, að skipting sú á héraðslæknastörfum, sem getið er um í úrskurði 10. maí 1867, 1., verði veruleg skipting, og að hlutadeigandi læknar verði skipaðir héraðslæknar í hin nýju læknishæruð og þeim veitt nokkuð meiri laun en tillag það, sem getið er um í fyrnefndum úrskurði, en samt skulu launin fyrst um sinn jafnaðarlega vera minni en laun þeirra héraðslækna, er nú eru.

Áður en lengra er haldið út í þetta mál, mælumst vèr til, að þér, herra landshöfðingi, segið álit yðar bæði um, hvort lækna sjóðurinn sè fær um að greiða kostnað þann, sem leiðir af þessu, auk þeirra útgjalda, sem þegar nú hvíla á honum, eða sem innan skamms má búast við að lendi á honum, og hve mikinn styrk skuli veita íslenskum læknaefnum, til þess að ganga á spítalana í Kaupmannahöfn, en um þetta atriði skal þess að öðru leyti getið, að stjórnarráðið hefir hugsað sèr að 150 rd. handa hverjum væri hæfilegt, auk þeirra 300 rd., sem veittir eru til ferðakostnaðar og til þess að njóta kennslu á fæðingarstofnuninni.

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III, 229.

2) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II, 432.

1873.

5. júlí.

Ad því leyti, sem jústizráð Jón Hjaltalín hafði stungið uppá, að heilbrigðisráðið skyldi taka til hin skriflegu verkefni við prófið í læknisfræði á Íslandi, skal því að endingu við bætt, að tæð ráð hefir látið í ljósi, að það gæti eigi fallizt á uppástungu þessa, með því það þekkti of lítið til hinna einstöku atriða við kennsluna, til þess að geta gefið verkefni, sem væri við hæfi lærisveina, enda hefði ráðið ekki þá leiðbeining, að það gæti dæmt um úrlausnirnar.

5. júlí.

### 57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til verkfæra handa jarðyrkjumanni.

Skjalavörður Jón Sigurðsson hefir fengið stjórnarráðinu bænarskrá, stýlaða til hins konunglega danska landbústjórnarfélags, þar sem jarðyrkjumaður Sveinn Sveinsson, sem eins og yður, herra landshöfðingi, mun kunnugt, hefir fengið styrk af allsherjar fé, til þess að ferðast um Ísland og leiðbeina mönnum þar í jarðyrkju, sækir um 182 rd. 40 sk. styrk til þess að kaupa fyrir ýms áhöld, sem hann þarf á að halda í fyrnefndri stöðu sinni, og hefir stjórnarráðið síðan sent félaginu bænarskrána, og mælt fram með henni. Félagið hefir nú tilkynnt stjórnarráðinu, að það geti eigi veitt það, sem sókt er um, en lagt til, að stjórnarráðið veiti nokkurn styrk til þessa, með því það sè mjög æskilegt, að Sveinn Sveinsson fái að minnsta kosti nokkur af verkfærum þeim, sem hann hefir beðið um.

Jafnframt og vèr sendum yður afskrípt af brèfi landbústjórnarfélagsins, til þess þèr birtið það Sveini Sveinssyni, skal því við bætt, að stjórnarráðið mun vera tilleiðanlegt til að veita honum 50—60 rd. styrk, til þess að útvega sèr hin nauðsynlegustu áhöld, þegar hann segir til, hver þau sè og til verðs á þeim.